

REGLUGJÖRÐ**46**
1. maí

um

**veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar
Hestamannafjelagsins Fákur.**

1. gr.

Veðfjárupphæðir greinast í 1 kr., 2. kr., 5 kr. og 10 kr., sem greiðast veðmálastofunni gegn afhendingu veðmiða.

2. gr.

Veðjað er um það, hver hestur verður hlutskarpastur í hverjum flokki, svo og í úrslitahlaupum.

3. gr.

Veðfjárupphæðum skal skift þannig:

- a. 80 % skal skift hlutfallslega á þá upphæð, er veðjað hefir verið um, á þann hest er vinnur.
- b. Afganginum (20 %) sje varið til reksturs kappreiðanna, viðhalds og umbóta á skeiðvelli fjelagsins, og til reiðvegar Reykvíkinga. Tillagið til reiðvegarins má þó aldrei vera minna en 10 % af hagnaði fjelagsins af starfsemi þessari.

4. gr.

Að hverju hlaupi loknu skulu veðmálin reiknuð út, útkoman auglýst, og vinningar borgaðir þegar í stað, gegn framvísun veðmiða.

5. gr.

Enginn upphæð, verður endurgreidd, ef hestur hleypur upp eða fer ekki af stað, og komi, af þeim eða öðrum orsökum, ekki til greina samkvæmt kappreiðareglum fjelagsins.

6. gr.

Ef hlaup verður ógilt, endurgreiðist veðfje aftur að frádregnum 20 %.

46

1. maí

7. gr.

Vinningar útborgast aðeins í heilum krónum, og er ekki ábyrgst, að innskot fáist að fullu aftur.

8. gr.

Þeir, sem veðja, eru í einu sem öllu háðir kappreiðareglum fjelagsins og úrskurði dómnefndar, t. d. þegar knapi er dæmdur úr leik missir hestur hans rjett til veðfjár o. s. frv.

9. gr.

Veðmiðar verða ekki innleystir síðar en 1 klukkustund eftir síðasta hlaup, og því aðeins, að þeir sjeu með læsilegum tölum.

10. gr.

Unglingar innan 18 ára fá ekki að veðja.

11. gr.

Reglugjörð þessi gengur í gildi þegar í stað og gildir til 5 ára.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett, samkvæmt lögum nr. 45, 31. maí 1927, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 1. maí 1928.

Jónas Jónsson.

St. Gunnlaugsson.